

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2020060021

5. júní 2020


## Hringbraut – Hofsvallagata, breytingar á gatnamótum

Óskað er heimildar til að ljúka, í samstarfi við Vegagerðina, undirbúningi breytinga á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu. Ljúka þarf verkhönnun og vinna útboðsgögn á grundvelli forhönnunargagna (sjá að neðan).

Greiningar á mögulegum breytingum á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu hafa staðið yfir í nokkurn tíma. Í kjölfar umferðaröryggisrýni liggur nú fyrir forhönnun sem felur í sér eftirfarandi breytingar á gatnamótunum og næsta nágrenni þeirra:

- **Gatnamótin og aðliggjandi götur:** Yfirborð gatnamótanna verður endurnýjað í heild. Gönguleiðir þvert yfir Hringbraut og Hofsvallagötu verða merktar með áberandi hætti. Afmörkun verður fyrir hjólandi vegfarendur í Hofsvallagötu næst gatnamótunum, beggja vegna Hringbrautar. Bílastæði næst gatnamótunum verða aflögð, annars vegar til að gefa gangandi meira rými og hins vegar til að lengja vinstribeygjuvasa fyrir umferð sem ekur vestur Hringbraut og tekur vinstribeygju suður Hofsvallagötu.
- **Umferðarljós og stöðvunarlínur:** Allur umferðarljósabúnaður verður endurnýjaður og tengdur miðlægri stýritölvu umferðarljósa. Ljósastólpur verða staðsettir með breyttum hætti og stöðvunarlínur færðar aftar, frá gatnamótum, til að bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
- **Löggæsla:** Samhliða endurnýjun umferðarljósa verða settir upp kassar fyrir hraða- og rauðljósamyndavélar lögreglunnar.
- **Götulýsing:** Frekari endurbætur verða á lýsingu við gatnamótin til að auka sýnileika og öryggi allra vegfarenda.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við verkefnið verði greiddur af Vegagerðinni og Reykjavíkurborg í samræmi við hefðbundna kostnaðarskiptingu endurbóta á gatnamótum við þjóðvegi í þéttbýli.



Mynd 1 Forhönnun gatnamóta Hringbrautar og Hofsvallagötu.

Verkefnið er hluti af viðtækari endurbótum á Hringbraut í gegnum Vesturbæ Reykjavíkur. Hámarks hraði hefur verið í lækkaður í 40 km/klst. og hraðavarskilti sem aðvara ökumenn sett upp á valda staði. Búið er að skipta út eldri lömpum á öllum ljósastaurum fyrir nýja LED lampa sem breyta lýsingu til hins betra og auka öryggi.

Reykjavíkurborg og Vegagerðin ætla á síðari hluta ársins að vinna tillögur að endurbótum á Hringbraut í heild sinni um Vesturbæinn þar sem áhersla verður lögð á bætt umferðaröryggi og vistlegra göturými. Tillögur verða kynntar skipulags- og samgönguráði og víðar þegar þær liggja fyrir. Breytingar á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu eru fyrsta skrefið, önnur gatnamót verða endurbætt á næstu misserum.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

*Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir*

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
Yfirverkfræðingur samgöngumála